





SKÚLATÚN 2 - aðsetur borgarstjórnar þar til ráðhúsið var byggt. Ljósmyndir: Allar litmyndirnar hefur Pétur Sörensson, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, tekið.



MELASKÓLINN. Auk skólafarsins fóru þar fram opinberar móttökur á vegum Reykjavíkurborgar.



LAUGALÆKJARSKÓLI. Steinsteypu krossformin í stóru gluggunum, sem Einar notaði þarna og víðar, eru til styrkingar, en setja auk þess sinn svip á bygginguna.



BORGARSJÚKRAHÚSIÐ í Fossvogi, sem Einar teiknaði ásamt Gunnari H. Ólafssyni.

ingum hans og skipulagsúrlausnum má því oft greina togstreitu hefðbundinna og framsækinnna viðhorfa. Annað meginneikenni Einarars sem einnig má rekja til menntunar hans, var kunnátta hans í tæknilegum eignum. Fullyrða má að hann hafi verið einn fjölhæfasti og gagnmennasta sérfræðingur á sviði byggingartækni í stétt íslenskra arkitekta. Einar var ágætur stærðfræðingur og átti áhuginn á þeirri grein rætur í námi hans við stærðfræðideild Menntaskólans í Reykjavík, sem á þeim tíma var nýstofnuð og einungis fáir sóttu. Hann reiknaði sjálfur út burðarþol og járnstyrkleik í mörgum húsa sinna og vann nákvæmar verklýsingar og kostnaðar-áætlanir. Athugaði hann oft burðarútreikninga verkfræðinga í stærri verkefnum og gerði athugasemdir, ef niðurstöðum bar ekki saman. Stærðfræðin nýttist Einari ekki aðeins sem hjálpartæki í hagnýtum viðfangsefnum heldur hafði hún einnig bein áhrif á listsköpun hans. Sérþekking hans á burðareiginleikum steinsteypu gerði honum kleift að setja fram óhefðbundnar lausnir sem aðeins var á fárra valdi að útfæra. Einar beitti reikningskunnáttu sinni til að sýna fram á hagkvæmni og raunhæfni byggingarhugmynda sem erfitt hefði reyst að réttlæta út frá formrænum forsendum einum. Þekking hans á útfærslum og efnisvali veldur miklu um að byggingar hans hafa staðist álag veðurs og notkunar betur en önnur hús. En þó Einar væri snjall tæknimaður beindist hönnun hans ætíð að því að sameina listræn og tæknileg sjónarmið. Hann var áhugamaður um listir og átti frumkvæði að því að listamenn væru fengnir til þess að vinna verk í byggingar sínar. Ber sérstaklega að geta vináttu hans og Ásmundar Sveinssonar, sem gerði myndir m.a. í Laugarnesskóla, Melaskóla og Heilsvendrarstöðina.

Við þetta má bæta því, sem raunar kemur fram annarsstaðar í ritgerðinni, að Einar fékk einnig Jóhann Briem til þess að mála myndröð, sem gerir hið sérstæða og glæsilega miðrými Laugarnesskóla enn eftirminnilegra. Þarna mættu nútíma arkitektar gjarnan taka Einar meira til fyrirmyndar, því engu er líkara en þeir forðist að gera ráð fyrir myndverkum í nýjum byggingum.

HLUTVERK SÓLARLJÓSSINS

Hugmyndafræði fúnksjónalismans var ákaflega heidarleg, ef svo má að orði komast. Mergurinn málsins var að „fúnksjónin“, það sem gert er í húsinu, ráði útliti þess. Ekki



HEILUVERNDARSTÖÐIN við Barónsstíg að innanverðu. Þar eru ýmis fagurlega unnin smáatriði og Einar notar þar oft sveigðar línur, sem sízt af öllu voru í tísku þegar húsið var byggt.

sé eytt fjármunum í óþarfa skraut, en að innanverðu átti rýmið að nýtast sem bezt og byggingar áttu helzt ekki að vera dýpri - eða þykkari - en svo að sólarljósið næði til allra herbergja. Þessa kenningu hafði Einar víðrað í merkilegri grein, sem hann skrifaði í tímaritið *Húsakost og hóbýlaprýði* árið 1939. Þar er ágæt heimild um þær breyttu áhræzlu sem Einar og aðrir arkitektar fúnksjónalismans komu fram með. Í greininni segir hann m.a. svo:

Eitt af mikilvægustu atriðum við fyrirkomulag hvernar íbúðar er það, að herbergjaskipun hennar sé rétt gagnvart

sól. Frá heilsufræðilegu sjónarmiði þurfa helst öll íbúðarherbergi að njóta sólar minnst 1-2 tíma á dag. Ákjósanlegast er, að sólarlími hvers herbergis falli saman við þann tíma, sem herbergið er aðallega notað, og því er eftirfarandi herbergjaskipun æskileg: Svefnherbergi og barnaherbergi hafi glugga móti austri eða suðri, borðstofan gegn suðri og einnig gegn austri, ef því verður við komið. Dagstofan hafi glugga gegn suðri og vestri, til þess að fá eftirmiðdags- og kvöldsólinu. Oft er t.d. með útbýggingu, einnig hægt að fá austurglugga á dag-



SALURINN í miðhluta Laugarnesskólans var nýstárleg lausn, en þar að auki listræn og glæsileg.

stofuna, og það er mjög æskilegt. Í stærri íbúðum er oft um þriðju stofuna að ræða og liggur hún best gegn vestri. Eldhús og baðherbergi gegn norðri eða norðaustri. Inngangur og stígaður eru oftast gegn norðri eða vestri, og er það dálítið háð afstöðu hússins gagnvart götu, en þó ber að gæta þess, að inngangur sé ekki gegn verstu rigningaráttinni.“

Við þetta er svo því að bæta að nýtt ríki-dæmi í kjölfar stríðsgróðans, gerði Einari erfitt um vik að láta sólinu njóta sín sem skyldi. Menntu vildu byggja stærra en áður; íbúðarhús urðu dýpri af þeim sökum og afleiðingin varð „holið“ inni í miðju húsi, sem nýttist illa og var venjulega sólarlaus vistarvera. Bætt fjárráð stuðla ekki alltaf að betri byggingum.

BRAUTRYÐJANDI Í GERÐ FJÖLBÝLISHÚSA

Oft hefur þessi Lesbókarskrifari virt fyrir sér fjölbýlishúsin við Hringbraut og Löngu-hlíð, sem Einar teiknaði á árunum 1942-1945, og spurt sjálfan sig og stundum aðra: hvernig í ósköpunum má það vera að þessar elztu blokkir í Reykjavík eru síngar og meira en það: Þær bera hreinlega af fjölmörgum sambyggingum fyrir íbúðir sem byggðar hafa verið á áratugunum síðan.

Árið 1942 var Einari falið að teikna tvær